

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 03 - 2021

Staður: TEAMS

Tími: Miðvikudagur 24. mars 2021 kl 12:30-14:30

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Margrét Björnsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson (ritar), Jón Kristófer Arnarson, Torfi Jóhannesson, Halldór Þorgeirsson og Guðveig Lind Eyglóardóttir.

Gestir fundar: Daði Már Kristófersson og Guðmunda Smáradóttir undir liðum 5 og 6.

1. Nýir fulltrúar nemenda í háskólaráði [kynning 12:30-12:40]

Nýir fulltrúi nemenda í háskólaráði, Margrét Björnsdóttir var boðin velkomin. Varamaður Margrétar er Bjarni Freyr Gunnarsson.

2. Yfirfærsla starfsmenntanáms til FSu [kynning og umræður 12:40-13:25]

Lbhí og FSu hafa skilað þarfagreiningum til ráðuneytisins. Þarfagreining Lbhí var unnin með þeim sérfræðingum sem sinna rannsóknum og/eða háskólakennslu og hafa vinnuaðstöðu á Reykjum. Þarfagreining FSu var unnin með starfsfólki á Reykjum. Unnið er að gerð þríliða samnings byggt á þeim gögnum. Vonast er til að hægt verði að funda með ráðherra á næstu dögum. Þarfagreining skólans var birt á vefnum til að upplýsa aðila er málið varðar. Rektor upplýsti háskólaráð um ýmsa þætti úr umræðu um þessi mál undanfarið. Einnig um ýmsar endurbætur sem hafa verið gerðar á aðstöðu á Reykjum undanfarin misseri og atriði sem þyrfti að ráðast í sem fyrst. Umræður urðu um staðarhald á Reykjum, heppilegt fyrirkomulag þess og hvað í því fælist.

3. Verkefni Loftslagsráðs sem tengjast Landbúnaðarháskóla Íslands [kynning 13:25-13:30]

Til stóð að Halldór Þorgeirsson kynnti verkefni Loftslagsráðs sem tengjast Lbhí. Vegna tímaskorts var þeirri kynningu frestað. Halldór sagði þó stuttlega frá því að þetta væri einkum tvíþætt, annars vegar vinna tengd umgjörð í kringum kolefnisjöfnun, ábyrgð á því. Mikilvægt mál fyrir landbúnaðinn og Lbhí. Hins vegar um losun kolefnis frá landi, nokkrir starfsmenn Lbhí koma að þeim verkefnum.

4. Kennsluáætlun 2021-2022 [afgreiðsla 13:30-13:35]

Kennsluáætlun sem kynnt var á síðasta fundi háskólaráðs sem smávægilegum breytingum kennslustofu lögð fram og samþykkt.

5. Undirbúningur gæðaúttektar [kynning 13:35-14:05]

Daði Már Kristófersson og Guðmunda Smáradóttir kynntu undirbúning gæðaúttektar. Sjálfsmatsskýrslur deilda eru á lokastigum og verða lagðar fram til skoðunar erlendra sérfræðinga í næsta mánuði. Rætt var um eftirfylgni við þessa vinnu á næstu árum. Sjálfsmat er ákveðin upphitun fyrir ytra mat gæðaráðs sem mun fara fram árið 2022.

6. Reglur og gæðahandbók [kynning 14:05-14:20]

Lagðar voru fram uppfærðar reglur um BS nám og reglur um námsbrautarstjórn til skoðunar fyrir næsta fund. Unnið er að uppfærslu annarra reglna og enskum þýðingum. Þá er unnið að því að koma upp gæðahandbók og einfalda upplýsingagjöf á Uglunni samhliða.

7. Mál til fróðleiks og næsti fundur [14:20-14:30]

Unnið er að ráðningu fjögurra doktorsnema. BS- og framhaldsnemakynningar hafa farið fram undanfarið.



Næsti fundur verður miðvikudaginn 28. apríl kl. 13:00.

